



Eineltisáætlun Ölduselsskóla

Ölduselsskóli er Olweusarskóli og er þátttakandi í Olweusarverkefninu sem er samstarfsverkefni Menntamálaráðuneytissins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands og Heimilis og skóla. Ölduselsskóli vinnur eftir aðgerðaráætlun Olweusar gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Áætlunin byggir á kenningum Dan Olweus sem hefur rannsakað hefur einelti undanfarin 40 ár og verið einna fremstur fræðimanna í heiminum á því sviði.

Í eineltisteymi Ölduselsskóla skólaárið 2016- 2017 sitja;

Eygló Guðmundsdóttir, oddviti verkefnisins

Erla Erlendsdóttir, kennari

Ingólfur Kjartansson, kennari

Salóme Huld Garðarsdóttir, kennari

Sigrún Jónasdóttir, starfsmaður á bókasafni.

Megininntak áætlunarinnar er fræðsla fyrir alla starfsmenn og nemendur skólans um hvað einelti er og hvernig mögulegt er að koma í veg fyrir það og leysa á farsælan hátt komi það upp. Lögð er áhersla á að allir geri sér grein fyrir því að ábyrgðin liggur hjá hverjum einstaklingi fyrir sig.

Skilgreining Olweusar á einelti

- Endurtekið neikvætt eða “illgirnislegt“ atferli eins eða fleiri einstaklinga sem beinist gegn ákveðnum einstaklingi sem á erfitt með að verja sig.

Sagt er að nemandi sé lagður í einelti þegar annar nemandi eða nemendur:

- segja meiðandi og óþægileg orð við hann eða hana, gera grín að honum/henni eða nota ljót og meiðandi uppnefni.
- Virða hann/hana ekki viðlits eða útiloka hann/hana viljandi úr hópnum.
- Slá, sparka, hárreita, hringda eða loka hann/hana inni.

- Segja ósatt eða dreifa niðrandi athugasemdum um hann/hana eða senda kvikindislega miða, sms, snap, tölvupóst eða nýta til þess aðra samfélagsmiða og reyna að fá aðra nemendur til að kunna illa við hann/hana.

Stefna skólans

Einelti er ekki liðið í Ölduselsskóla. Með því að styrkja samvinnu bæði meðal nemenda og starfsfólks minnka líkur á einelti. Markmið skólans er að allir, bæði starfsfólk og nemendur, séu meðvitaðir um hvað einelti er og hvernig það birtist.

Skólareglur gegn einelti

1. Við leggjum ekki aðra í einelti
2. Við reynum að aðstoða þá nemendur sem verða fyrir einelti
3. Við erum líka með þeim sem oft eru einir
4. Við segjum alltaf frá, bæði heima og í skólanum, ef við sjálf eða einhver annar er lagður í einelti.

Vinnuferli í eineltismálum

Tilkynning

Ef vart verður við neikvæð samskipti eða grunur vaknar um einelti skal það skráð og tilkynnt samdægurs til umsjónarkennara sem ber ábyrgð á að fylgja málinu eftir. Umsjónarkennari notar gátlista í eineltismálum til leiðsónar (1. stig)

Allir geta tilkynnt um eineltistilvik.

Upplýsingaöflun

Umsjónarkennari aflar sér nánari vitneskju um málið eftir að tilkynning berst, hjá öðrum kennurum, starfsfólki, foreldrum og öðrum aðilum. Umsjónarkennari ræðir við þolanda, með eða án foreldra, allt eftir því hvernig málið bar að. Í öllum tilfellum er forráðamaður barnsins

(þolanda) upplýstur um gang mála. Umsjónarkennari ræðir við geranda, með/án foreldra, allt eftir því hvernig málið bar að. Forráðamaður barnsins (geranda) upplýstur um gang mála.

Umsjónarkennari getur á öllum stigum leitað aðstoðar Olweusarteymis innan skólans.

Vinnuferli

Umsjónarkennari lætur aðra starfsmenn vita af mögulegu eineltismáli og óskar eftir samstarfi og skráir upplýsingar í Mentor. Ef ljóst er að um eineltistilfelli er að ræða sendir umsjónarkennari allar upplýsingar á fulltrúa í Olweusarteymis skólans og/eða námsráðgjafa og ákveðið vinnuferli fer strax í gang. Vinnuferlið felst m.a. í því að ræða við þolendur og gerendur og leitast við að finna lausn á vandanum. Umsjónarkennari heldur utan um skráningu málsins og sendir það til Olweusarteymis. Þolandi fær strax að vita að hann fái stuðning. Í öllum tilvikum er geranda strax gefin skýr skilaboð um að einelti sé ekki liðið. Heimili þolanda og geranda fá upplýsingar um gang mála og óskað eftir liðsinni foreldra í málinu. Ef þurfa þykir eru foreldrar boðaðir til fundar í skólann. Umsjónarkennari gerir öðrum kennurum og starfsmönnum skóla grein fyrir málavöxtu í þeim tilgangi að tryggja öryggi og vellíðan þolanda.

Málum er vel fylgt eftir með samtölum við þolanda og geranda vikulega eða eins oft og þurfa þykir. Eftirfylgni er skráð og send til Olweusarteymis. Tengslakönnun lögð fyrir og bekkjarfundir haldnir sérstaklega um einelti og góð samskipti. Umsjónarkennari heldur utan um skráningu vegna málsins.

Markmiðið er að finna lausn á málum í samráði við þolanda og geranda þannig að öllum líði vel.

Ef ekki finnst viðeigandi lausn og einelti hættir ekki er málinu vísað formlega til nemendaverndarráðs.